



Aðgengilegri atvinnuleit

Greinagerð ásamt heimsíðu

Sunna Rut Guðnadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Deild menntunar og margbreytileika



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Aðgengilegri atvinnuleit

Greinagerð ásamt heimasíðu

Sunna Rut Guðnadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði

Leiðbeinandi: Anna Björk Sverrisdóttir

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Mái 2021

Aðgengilegri atvinna

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í þroskaþjálfarafræði við Deild menntunar og margbreytileika,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Sunna Rut Guðnadóttir 2021

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þetta verkefni er tvíþætt annars vegar greinagerð þar sem fjallað er um fræðilegan bakgrunn og hins vegar heimasíðugerð. Í fræðilega hlutanum er horft til laga og mannrétti fatlaðs fólks svo það verði ekki fyrir aðgreiningu í samfélaginu. Einnig er skoðaður réttur þess til atvinnuþátttöku og mikilvægi hans. Færra fatlað fólk er á atvinnumarkaði en ófatlað fólk. Þörf er á að gera atvinnuleit aðgengilegri. Það hefur verið sýnt fram á það að vera í vinnu hafi bætandi áhrif á heilsu á meðan atvinnuleysi getur dregið úr heilsufari. Heimasíðan er ætluð til að auðvelda fötluðu fólki atvinnuleit. Það sem gerir síðuna aðgengilegri en aðrar síður er að það eru myndir sem styðja textann, textinn auðlesinn, mikilvægar upplýsingar eru feitletraðar, hlekkir eru merktir með bláu lettri, auðvelt er að rata um síðuna og margt fleira.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Inngangur	6
2 Samfélag án aðgreiningar	7
2.1 Samfélag og aðgreining	7
2.2 Samfélagsþátttaka	8
2.3 Algild hönnun.....	9
3 Atvinna	11
3.1 Lög og reglugerðir.....	11
3.2 Mikilvægi atvinnu	13
3.3 Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks	13
3.4 Framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks	14
4 Úttekt	18
4.1 Gátlisti.....	18
4.2 Úttekt á heimasíðum	19
5 Heimasíðan Aðgengilegri atvinnuleit	22
5.1 Hvernig var unnið að heimasíðunni	22
5.2 Tilgangur og markmið heimasíðunnar	23
6 Niðurstöður	24
Heimildaskrá	25
Viðauki A: Tölvupóstur til Vinnumálastofnunar	29
Viðauki B: Tölvupóstur til Velferðarráðuneytið	30
Viðauki C: Tölvupóstur til félagssamtaka	31
Viðauki D: Gátlisti	32
Viðauki E: Gátlisti	33

Formáli

Eftir þá reynslu að hafa aðstoðað fatlaðan einstakling í atvinnuleit komst ég að því hve mikil þörf er á aðgengilegum upplýsingum. Það að hafa allar upplýsingar á einum stað gerir atvinnuleit mikið auðveldara. Eftir þessa reynslu fékk ég þá hugmynd að búa til heimasíðu sem myndi bæta aðgengi að upplýsingum. Ég vil þakka fjölskyldunni minni, og öllum þeim sem ég gat leitað til þegar ég þurfti á aðstoð og stuðningi að halda við gerð verkefnisins. Einnig vil ég þakka Önnu Björk Sverrisdóttur fyrir að leiðbeina mér í gegnum þetta verkefni og sýna mér þolinmæði.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 11. maí 2021

Sunna Rut Guðnadóttir

1 Inngangur

Þátttaka fatlaðra í atvinnulífinu hefur verið mér afar hugleikin eftir að hafa aðstoðað fatlaða manneskju í atvinnuleit. Við þessa leit okkar lentum við víða á vegg en vissum ekki hvert við gætum snúið okkur þar sem við fundum hvergi upplýsingar um hvert við gætum leitað og hvaða rétt einstaklingurinn átti. Við hefðum gjarna viljað hafa upplýsingar um þetta málefni aðgengilegri og best hefði verið að hafa þær upplýsingar á einum stað þar sem fólk gæti nálgast þær á augljósan hátt enda málefnið mikilvægt.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) kemur fram að fatlað fólk eigi rétt á því að taka þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Margir tengja fullorðinsaldur meðal annars við að vera á vinnumarkaði. Fyrir flesta er mjög stórt skref að hefja atvinnuþátttöku og margir stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði strax á unglingsárum. Það á hins vegar ekki endilega við um fatlað fólk, sem er í raun ekki sýnilegt á vinnumarkaði og aðeins lítil hluti þess hefur atvinnu og þá ýmist á almennum vinnumarkaði eða á vernduðum vinnustöðum. Eftir aðstoðina við fatlaðan einstakling í atvinnuleit velti ég fyrir mér hvort lélegt aðgengi að upplýsingum gætu hugsanlega haft áhrif á litla atvinnuþátttöku og hvort mögulegt væri að gera þessar upplýsingar aðgengilegri.

Með þetta að leiðarljósi var rannsóknarspurningin valin:

Hvers vegna er mikilvægt að stuðla að atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og hvernig er hægt að gera atvinnuleitina aðgengilegri?

Markmið verkefnisins er að útbúa vefsíðu sem auðveldar fötluðu fólki atvinnuleitina með því að nálgast upplýsingar á aðgengilegan hátt. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar gerð heimasíðu sem ber nafnið Aðgengilegri atvinnuleit (adgengilegriatvinnuleit.com) og hins vegar að skrifa greinargerð.

Greinargerðin skiptist í sex kafla. Fyrst verður farið yfir lykilhugtökin, aðgreining í samfélagi, samfélagsþátttaka og algild hönnun og hvernig mismunandi sjónarhorn hafa þróast í gegnum árin og haft áhrif á hugtökin. Næst er farið fjallað um lagalegan rétt einstaklinga til atvinnuþátttöku. Eftir það er skoðað hvers vegna það er mikilvægt að hafa aðgengi að atvinnu og hvernig atvinnuþátttaka fatlaðs fólks hefur verið. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks er skoðuð og gerð úttekt á nokkrum heimasíðum sem aðstoða fatlað fólk við atvinnuleit með tilliti til aðgengis. Í lokinn er farið yfir hvað er á heimasíðunni Aðgengilegri atvinnuleit og hvernig hún var unnin.

2 Samfélag án aðgreiningar

Hugtakið aðgengi felur í sér marga þætti ekki einungis líkamlegt aðgengi að stað heldur einnig aðgengi að upplýsingum (Townley o.fl., 2013). Aðgengi fatlaðs fólks að samfélaginu er mismikið og oft ekki nógu gott. Í þessum kafla verður fjallað um mikilvæg hugtök í tengslum við aðgengi og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Einnig verður fjallað um algilda hönnun sem er forsenda þess að fólk geti tekið þátt á sínum forsendum. Nokkur hugtök sem stuðla að því að fatlað fólk sé fullgildir þátttakendur í samfélagi án aðgreiningar og algild hönnun höfð að leiðarljósi.

2.1 Samfélag og aðgreining

Hugtakið samfélag gengur út á það að allir séu fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Það byggir á sameiginlegum réttindum þar sem fatlaðir einstaklingar lifa, læra, vinna og umgangast samfélagið á sínum forsendum rétt eins og ófatlaðir jafningjar þeirra (Christensen og Byrne, 2014).

Mannkynbótastefnan er stefna sem kom fram snemma á 20. öldinni og var sprottin út frá hugmyndum Darwinisma. Í þeirri stefnu var litið á fatlað fólk, fátæka, afbrotamenn og fleiri „óæskilega“ hópa sem samfélagsvanda sem þyrfti að hreinsa úr samfélaginu. Annað hvort átti að reyna að koma í veg fyrir að fatlað fólk myndi fjölga sér með ófrjósemisaðgerðum eða að loka það inni á stofnunum ævilangt (Unnur B. Karlsdóttir, 1998). Þessi hugmyndafræði tengist læknisfræðilegu sjónarhorni en samkvæmt því er gert ráð fyrir því að heilbrigði sé eðlilegt en að fötlun sé andstæða þess. Nálgunin miðar að því að greina líkamlega og andlega fatlaða einstaklinga og skerðingu þeirra. Tilvist þessa fólks var talin harmleikur og átti að reyna að lækna það með meðferð, endurhæfingu, ráðgjöf og/eða umönnun (Rannveig Traustadóttir, 2006). Árið 1936 voru sett fram lög um fávítahæli (nr. 18/1936) sem kváðu á um að ríkistjórnin ætti að sjá til þess að stofnuð yrðu skólaheimili, hjúkrunarheimili og vinnuhæli þar sem fatlað fólk ætti að vera. Út frá þessum lögum var samfélagið fyrir ófatlaðan meðaleinstakling. Foreldrum fatlaðra barna var ráðlagt af fagaðilum að best væri að setja börnin á stofnanir því ekki fékkst aðstoð til að hafa barnið heima, heldur átti að einangra það frá samfélaginu. Vegna þess að fatlað fólk átti ekki að vera í samfélaginu heldur á stofnunum var þetta upphafið að aðgreiningu og stofnanavæðingu fatlaðs fólks (Þorvaldur Kristinsson, 2015). Hugmyndir um fötlun eru enn í dag litaðar af læknisfræðilega sjónarhorninu (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Á seinni hluta 20. aldar kom fram ný stefna sem kallaðist hið breska félagslega líkan. Að henni komu samtök fatlaðs fólks í Bretlandi sem sögðust telja að einstaklingar með skerðingar yrðu fatlaðir af samfélags- og umhverfisþáttum (Rannveig Traustadóttir, 2006) og með innleiðingu þessarar hugmyndafræði hefur mikið dregið úr aðgreiningu.

Martha's vineyard er frægt dæmi um samfélag sem sýnir að samfélagsþátttaka dregur úr fötlun einstaklinga, en þar voru margir íbúar heyrnarlausir frá fæðingu. Í þessu samfélagi lærðu allir, bæði heyrnarlausir og þeir sem heyrðu, táknmál og með því urðu heyrnarlausir fullgildir þátttakendur samfélagsins án aðgreiningar (Ellen, 2016). Þetta er sú hugmyndafræði sem breska líkanið byggir á. Ef táknmálið hefði ekki verið innleitt á þennan hátt er hætt við að heyrnarleysið hefði ýtt einstaklingum út úr samfélaginu og ýtt undir fötlun þeirra.

Á Íslandi er enn aðgreining á mörgum stöðum og þar á meðal á vinnumarkaðnum. Lengi vel var fatlað fólk ekki á almennum vinnumarkaði, heldur átti það að vinna á stofnunum sem þau bjuggu á, svo sem á Kópavogshæli, en það var meðal annars skilgreint sem vinnuhæli (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

2.2 Samfélagsþátttaka

Samfélagsþátttaka gengur út á að allir fái að taka þátt í samfélaginu óháð félagslegri-, líkamlegri- og efnahagslegri stöðu. Eins og komið hefur fram hefur fatlað fólk ekki fengið sömu tækifæri til að taka þátt í samfélaginu að fullu, til dæmis vegna áhrifa læknisfræðilega sjónarhornansins. Þar er áherslan á að vandinn sé einstaklingurinn og að fatlað fólk falli ekki undir viðmið sem má kalla „eðlileg“. Það átti að halda fötluðu fólki frá samfélaginu því litið var á það sem vandamál sem þyrfti að laga (Unnur B. Karlsdóttir, 1998; Rannveig Traustadóttir, 2006). Með nýrri sjónarhornum eins og hins breska félagslega líkans fer aðgreiningu minnkandi vegna þess að horft er á fötlun sem margbreytileika en ekki sem harmleik. Þar á samfélagið að laga sig að fötluðu fólki svo það geti verið þátttakendur í samfélaginu. Samfélagsþátttaka felur í sér þrjá þætti líkamlega-, félagslega- og sálfræðilega þátttöku (Christensen og Byrne, 2014).

Líkamleg þátttaka felur í sér að einstaklingur getur tekið þátt í athöfnum daglegs lífs við eðlilegar aðstæður sem henta öllum. Félagsleg þátttaka er að einstaklingur geti haft félagsleg samskipti og að tengslin endurspegli félagslegt hlutverk, jákvæðan stuðning og gagnkvæmni. Sálfræðileg þátttaka snýst um að einstaklingurinn skynji þátttöku sína í samfélaginu. Þessir þrjú þættir eru mikilvægir svo fatlað fólk upplifi sig sem hluta af samfélaginu (Christensen og Byrne, 2014).

Slæmt aðgengi hefur áhrif á samfélagsþátttöku. Ef aðgengi er ekki gott er til dæmis ekki sjálfsagður hlutur að þeir sem eiga erfitt með gang eða eru í hjólastól komist á veitingahús eða um bæinn. Á mörgum stöðum eru ekki rampar eða handrið til að styðja sig við. Freyja Haraldsdóttir (2019) segir í grein á vísí „Ég er þakklát baráttu femínista en um leið er rosalega skrýtið að vera kona sem tilheyrir ekki þeim hópi“. Hún hefur t.d. haft áhuga á að taka þátt í hátíð í tilefni kvenréttindadagsins en ekki getað vegna lélegs aðgengis (Kjartan Atli Kjartansson, 2019). Þetta er dæmi um meinað aðgengi að samfélagsþátttöku vegna fötlunar.

Það er ekki síður mikilvægt að hugsa um þessa þætti varðandi atvinnuþátttöku einstaklinga enda hefur atvinna mikil áhrif á það hvort fólk upplifi sig sem þátttakanda í samfélaginu. Þetta á sérstaklega við í þeim löndum sem leggja mikla áherslu á atvinnu. Allir sem kjósa að vinna eiga rétt á því og hefur það áhrif á marga aðra þætti í lífi einstaklinga. Samfélagsþátttaka bætir geðheilsu, lífsánægju, minnkar einmannaleika og einstaklingar upplifir meira samþykki frá samfélaginu (Townley o.fl., 2013). Síðar í greinagerðinni verður sagt frá hvers vegna það er mikilvægt að hafa atvinnu.

Það þarf að passa upp á að slæmt aðgengi hindri ekki samfélagsþátttöku á nokkru sviði og þá er nauðsynlegt að hafa algilda hönnun í huga. Þegar hugsað er út frá algildri hönnun er ekki einungis verið að hugsa um líkamlegt aðgengi heldur felur hún í sér að allt umhverfið sé aðgengilegt og allir geti notið, hvort sem það er bygging, vara, þjónusta eða aðgengi að upplýsingum (Townley o.fl., 2013).

2.3 Algild hönnun

Sjálfbært samfélag tekur mið af þörfum allra, réttindum, getu og framlögum allra, sem þýðir að samfélagið er byggt með hag allra í fyrirrúmi (Ericsson o.fl., 2020). Hugtakið algild hönnun var fyrst notað af arkitekt og hefur það síðan dreifst yfir á fleiri svið og má kannski segja að með því hafi það fengið víðari merkingu (Hays og Handler, 2020). Hugtakið felur í sér að hönnun á umhverfi og hlutum henti til notkunar fyrir alla án þess að þurfi að aðlaga eða hafa „sérhæfða hönnun“ Þetta hugtak er ekki bara ætlað fötluðu fólki heldur öllum í samfélaginu. Algild hönnun felur í sér sjö þætti samkvæmt Dolmage (2017).

- a) að hönnunin sé gagnleg og söluhæf fötluðu fólki
- b) að hönnunin gagnist margbreytilegri getu fólks
- c) að hönnunin sé auðskilin óháð reynslu, þekkingu, tungumálakunnáttu og styrkleikum fólks
- d) að hönnunin miðli nauðsynlegum upplýsingum á skipulegan hátt óháð skyngetu notandans
- e) að hönnunin lágmarki hættu og slæmar afleiðingar
- f) að hönnunin sé þægilega í notkun og lágmarki þreytu
- g) að hönnunin sé af viðeigandi stærð og rými sé til þess að nota hana óháð líkamsstærð, líkamsstöðu og/eða hreyfigetu notandans (Dolmage, 2017).

Þegar algild hönnun er notuð er dregið úr hindrunum og ýtt undir samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Einnig minnka líkurnar á aðgreiningu þar sem að allir geta tekið þátt. Þess vegna er mikilvægt að hanna umhverfið og samfélagið með þessa þætti í huga. Öll eigum við rétt á því að geta notið samfélagsins fatlaðir sem ófatlaðir (Saito, Y, 2006).

Í samning Sameinuðu þjóðanna (2007) er einnig útskýrt að það eigi að vera viðeigandi aðlögun, þ.e.a.s. að breytingar og lagfæringar verði gerðar svo að fatlað fólk geti notið sömu mannréttinda og frelsis og aðrir. Í því felst að þjónusta, áætlanir, framleiðsluvörur, umhverfi, aðstaða og tæki séu aðgengileg öllum án þess að það þurfi sérstaka útfærslu eða hönnun. Það á að ganga úr skuggum að ýtt sé undir algilda hönnun og að hún útiloki ekki að fatlað fólk geti notað hjálpartæki. Slík hönnun kemur sér vel fyrir alla og sýnt hefur verið fram á að þeir vinnustaðir sem eru hannaðir út frá algildri hönnun hafi meiri framleiðslugetu og þar verða færri slyss (Saito, Y, 2006). Ef fleiri vinnustaðir væru hannaðir eftir þessari hugmyndafræði er það öllum í hag auk þess sem fleira fatlað fólk gæti unnið á almennum vinnumarkaði.

Þessi hugmyndafræði gengur út á að boðið sé upp á störf sem fatlað fólk geti sinnt til jafns á við aðra, án þess að þurfa að aðlaga sig að vinnunni sérstaklega vegna fötlunar sinnar. Fólk á ekki að þurfa að upplifa aukið álag vegna þess að ekki er búið að aðlaga vinnuumhverfið að þeirra þörfum (Saito, Y, 2006).

Líkt og fram kemur hér að ofan þá þarf hönnun að miðla nauðsynlegum upplýsingum og þessi hönnun þarf einnig að ná yfir þætti sem snúa að atvinnuleit. Til að geta aflað upplýsinga um atvinnu þarf að setja upplýsingarnar fram með hugmyndafræði algildar hönnunar að leiðarljósi. Hver sem er á að geta nálgast upplýsingarnar á þann hátt sem að hann kys til að geta tekið upplýsta ákvörðun.

3 Atvinna

Í þessum kafla verður skoðað hvað kemur fram í lögum um þann rétt sem fatlað fólk á til atvinnuþátttöku og hvers vegna er mikilvægt að hafa aðgengi að atvinnu. Samhliða þessu verður rýnt í samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007), reglugerð um atvinnumál fatlaðra (nr. 376/1996) og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018). Að auki verður farið yfir kaflann um atvinnu í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.

3.1 Lög og reglugerðir

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) segir að fatlaðir einstaklingar eigi rétt á að taka fullan þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Þetta á við á öllum sviðum lífsins þar á meðal í atvinnu. Það er almennt þekkt að fatlað fólk er ekki jafn mikið í vinnu og ófatlaðir. Þegar tölfræði er skoðuð eru ekki nema 33% vinnandi fatlaðir einstaklingar (Lindsay o.fl., 2018) sem er mjög lág tala miðað við fjölda einstaklinga.

Samkvæmt markmiðum reglugerðar um atvinnumál fatlaðra (nr. 376/1996) á að stuðla að því að fatlað fólk geti stundað vinnu á almennum vinnumarkaði fremur en öðrum stöðum. Fatlaðir einstaklingar sem vinna á almennum vinnumarkaði skulu fá aðstoð í formi sérstakar liðveislu, verkstjórnunar og starfsþjálfunar (Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996). Í þjónustulögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) er einnig minnst á að einstaklingur sem þarf mikla og viðvarandi aðstoð eigi rétt á að því að fá notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Þeirri aðstoð er stjórnað af notandanum sjálfum. Viðkomandi ræður hver aðstoðar, við hvað, hvernig, hvar og hvenær aðstoðin er veitt (NPA miðstöðin, e.d). Þessa aðstoð er hægt að nýta til daglegra athafna, þátttöku í félagslífinu, atvinnulífinu o.fl. (lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018).

Það lokar á einhverja starfsmöguleika ef einstaklingur sem þarf á aðstoð að halda til að sinna vinnu og fær hana ekki, en með aðstoð hefur hann fleiri möguleika. Mörg lönd eru að hverfa frá vernduðum vinnustöðum og taka upp atvinnu með stuðning (AMS) (Torre og Fenger, 2014).

AMS er aðstoð fyrir þá sem eru með andlega og/eða líkamlega fötlun og hefur það áhrif á vinnugetu þeirra. Þetta er árangursrík leið til að aðstoða fatlaða manneskju út á almenna vinnumarkaðnum, sem felur í sér þátttöku, þjálfun og aðstoð við að mynda tengsl á almennum vinnumarkaði. AMS er einstaklingsmiðuð og er færni viðkomandi höfð að leiðarljósi ekki fötlunin (Vinnumálastofnun, e.d).

Hugmyndafræði notendastýrðrar þjónustu felur í sér miklar breyting frá stofnunarvæðingu læknisfræðilegar sjónarhornsins en í henni er skýr sýn á að stuðla að því

að fatlað fólk vinni á almennum vinnumarkaði. Í lögum er hins vegar mikið talað um önnur atvinnuúrræði eins og verndaða vinnustaði, dagþjónusta og hæfingarstöðvar (lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996) en verndaður vinnustaður er sér úrræði þar sem fatlað fólk getur unnið og tilheyrir ekki almennum vinnumarkaði. Í lögum stendur að verndaðir vinnustaðir eigi að vera í boði til að fatlað fólk eigi kost á því að velja á milli þeirra og almenna vinnumarkaðarins. Hæfingarstöðvar og dagþjónustur eiga að stuðla að aukinni hæfni til starfa-, með aðstoð iðju og þroskaþjálfunar í þátttöku daglegs lífs. Þessir staðir geta verið atvinna tímabundið eða fastri ráðningu (lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018; Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996; Margrét Margeirsdóttir, 2001). Huga þarf að því að hætta gæti verið á að þessi áhersla í lögum á verndaða vinnustaði og sérúrræði, minnki möguleika fatlaðra til að nýta rétt sinn til að starfa á vinnumarkaði þar sem hún er einfaldari.

Vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk eru á forræði Vinnumálastofnunar eins og fram kemur í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018). Samkvæmt lögum skal tryggja að fatlað fólk geti nýtt atvinnuréttindi sín og að ekki megi mismuna vegna fötlunar. Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) kemur fram að vinnumarkaðsaðgerðir eru vinnumiðlun, hæfnismat atvinnuleitanda og skipulagning á úrræði sem eru gerð til þess að auka vinnufærni atvinnuleitanda (lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006). Það á rétt á að vinnan sé aðgengileg og að það fái viðeigandi aðlögun. Verndaðir vinnustaðir og sérúrræði mega ekki verða til þess að fólk fái ekki tækifæri til að nýta þennan rétt og þróa sig áfram í starfi. Fatlað fólk þarf þess vegna að hafa forgang í störf hjá ríkinu þegar einstaklingurinn er jafn hæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur. Þetta eiga aðildaríkin að tryggja að verði að veruleika með viðeigandi ráðstöfunum og lagasetningum (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2007; lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018)

Með hliðsjón af þeirri áherslu sem birtist í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks varðandi fulla þátttöku í samfélagi án aðgreiningar þyrfti að uppfæra þessa reglugerð og einblína meira á það hvernig er hægt að stuðla enn betur að því að fatlað fólk geti unnið á almennum vinnumarkaði. Það er mikilvægt fyrir fatlað fólk að vita hvaða rétt það á til atvinnuþátttöku. Það að vera í vinnu eru mannréttindi og fyrir marga er þetta mikilvægt gildi í lífinu (Lindsay o.fl., 2018).

3.2 Mikilvægi atvinnu

Að taka þátt í þroskandi atvinnu er grundvallaratriði fyrir líkamlega og sálrænan líðan fólks. Það að vera í vinnu bætir geðheilsu fólks, félagslegt net þeirra og það upplifir sig sem gildan þegn í samfélaginu. Allir þessir þættir bæta lífsgæði fólks (Lindsay o.fl., 2018). Hins vegar getur atvinnuleysi haft öflug áhrif og leitt til minni lífsgæða fólks. Atvinnulausir eru líklegri til að þróa með sér þunglyndi og kvíða (Lindsay o.fl., 2018). Þegar atvinnuleysi er skoðað hjá ungmennum er sjálfsmynd þeirra oft lítil, meiri líkur á áhættuhegðun svo sem notkun á tóbaki, áfengi og eiturflyfjum og einnig hærri dánartíðni (Bjarnason og Sigurdardóttir, 2003). Þau ungmenni sem ekki fá vinnu á þessum árum geta átt það á hættu að fá ekki vinnu seinna meir í lífinu (Achterberg o.fl., 2009).

Flest öll viljum við stunda vinnu. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (2020) er um það bil 15% fólks í heiminum með einhverskonar fötlun eða um 1 milljarða manna. Af þeim eru ekki nema 33% með atvinnu í dag á meðan 76% vinnandi fólks er ekki með fötlun (Lindsay o.fl., 2018). Samkvæmt þessum tölum er stór hópur fólks án vinnu og ónýttur mannauður sem samfélagið gæti notið góðs af. Því fleiri sem eru í vinnu því betra fyrir efnahagskerfið (Bjarnason og Sigurdardóttir, 2003). Þá hefur einnig verið sýnt fram á að það að hafa fjölbreytt vinnuafli til vinnu hafi góð áhrif á efnahagslífið (Lindsay o.fl., 2018).

Fatlað fólk vill taka þátt í samfélaginu og sá áhugi hefur aukist á seinustu þrjátíu árum þar sem aðgreining fatlaðra hefur farið minnkandi. Með samfélagsþátttöku fær fatlaður einstaklingur tækifæri til að vera nágranni, vinur, fyrirmynd og fara á bari til að skemmta sér. Allir þessir þættir eru mikilvægir til að vera gildur samfélagsþegn. Samfélagsþátttaka er ekki bara markmið í sjálfu sér heldur hjálpar hún til við að ná öðrum markmiðum í lífinu (Verdonschot o.fl., 2008). Þeir sem kjósa að vera í vinnu geta tengt atvinnu og samfélagsþátttöku. Þess vegna er mikilvægt fyrir fatlað fólk að hafa aðgengi að vinnu og atvinnuleit. Atvinnuþátttaka hefur ekki verið fötluðu fólki auðveld en það hefur þó breyst til batnaðar.

3.3 Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks

Í grófum dráttum er saga fatlaðs fólks nokkuð þekkt. Áður fyrr var mikið um aðgreiningu fatlaðs fólks frá öðrum í samfélaginu og hafði sá hópur lítið vald en er einn af þeim hópum sem þarf mest á valdeflingu að halda (Unnur B. Karlsdóttir, 1998; Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Eins og kom fram í öðrum kafla var meira um aðgreiningu áður fyrr og í gegnum árin hefur atvinnuþátttaka fatlaðs fólks verið aðgreind frá öðrum í samfélaginu.

Fyrir 16. öld var framfærsla fatlaðs fólks á ábyrgð fjölskyldunnar. Á 16. öld færðist ábyrgðin í auknum mæli til yfirvalda, og á 17. öld var að byrjað að stofna vinnubúðir og vinnuhús (Margrét Margeirsdóttir, 2001). Snemma á 20. öld voru gefin út lög um fávítahæli

(nr. 18/1936) þar sem er tekið fram að ríkisstjórnin eigi að vera með vinnuhæli fyrir fatlað fólk sem gat unnið eitthvað en ekki á almennum vinnumarkaði. Um 30 árum seinna komu ný lög (lög um fávitastofnanir nr. 53/1967) sem sögðu að það ætti að vera eitt aðal hæli fyrir fatlað fólk, og Kópavogshælið yrði þar meðal annars skilgreint sem vinnuhæli. Þessi lög voru í gildi í 13 ár eða til ársins 1980.

Eftir miðja 20. öld kom fram á sjónarsviðið ný hugmyndafræði um eðlilegt líf (normalisering). Þetta átti að vera mjög jákvæð stefna þar sem meðal annars kom fram að fatlað fólk gæti tekið virkan þátt í atvinnulífinu. Hins vegar átti þetta ekki við um andlega fatlað fólk. Árið 1959 opnaði Múlalundur einn af fyrstu vernduðu vinnustöðunum (Margrét Margeirsdóttir, 2001). Fleiri verndaðir vinnustaðir hafa svo opnað og eru starfræktir enn þann dag í dag. Nú er meira vitað um verndaða vinnustaði og að þeir ýti undir aðgreiningu fatlaðra og eru þjóðir heims að reyna að fækka þeim og bjóða frekar upp á atvinnu með stuðningi (Torre og Fenger, 2014).

Stjórnvöld í vestrænum löndum segja að það að vera á almennum vinnumarkaði bæti samfélags inngildingu fatlaðs fólks, en einbeita sér þó meira að því að breyta fötluðum einstaklingum svo þau geti unnið á almennum vinnumarkaði. Þetta er í anda læknisfræðilega sjónarhornsins en minna lagt upp úr að breyta vinnustaðnum og umhverfinu til að gera vinnuna aðgengilegri (Hall og Wilton, 2011). Þegar það er skoðað hvaða fatlaða fólk er ráðið til vinnu hafa þeir sem eru hreyfihamlaðir, með minni líkamleg getu, flogaveikir eða með lægri greindarvísistölu en 80 minni líkur á ráðningu (Achterberg o.fl., 2009). Í meistaraprófsritgerð frá árinu 2020 kemur fram að ástæðan fyrir því að fyrirtæki ráða ekki til sín fatlað fólk eru fordómar um að fatlað fólk geti ekki unnið, hugmyndin um að þau séu eilíf börn og þurfi umönnun og stuðning (Álfheiður Hafsteinsdóttir, 2020). Með betri og meiri upplýsingagjöf og ráðgjöf um fatlanir til vinnuveitenda má gera ráð fyrir því að líkurnar aukist á því að þeir ráði til sín fólk með fötlun (Hemphill og Kulik, 2016).

3.4 Framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks

Ný þingsályktun var gerð árin 2016-2017 um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021 (nr.1000/2016-2021). Þessi framkvæmdaáætlun er gerð til að byggja Íslenskt samfélag þannig að virðing sé borin fyrir mannlegum margbreytileika og að fatlað fólk fái að njóta fullra mannréttinda og grundvallarfrelsis. Það á að skapa skilyrði fyrir fatlað fólk til að það geti lifað á eigin forsendum. Samningur Sameinuðu þjóðanna er innleiddur í framkvæmdaáætlunina og byggir á sömu hugmyndafræði svo sem að banna mismunun vegna fötlunar, tryggja að fatlað fólk fái að njóta mannréttinda og mannfrelsis (þingsályktun nr.1000/2016-2021, samningi Sameinuðu þjóðanna, 2007).

Framkvæmdaáætluninni er skipt í sjö þætti, aðgengi, atvinna, heilsa, ímynd og fræðsla, menntun, sjálfstætt líf og þróun þjónustu. Markmiðið með kafla B er að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og honum er skipt niður í fjóra parta B1-B4 (þingsályktun nr.1000/2016-2021).

- B1 fjallar um ráðgjöf og fræðslu til atvinnurekenda vegna starfsfólks með fötlun.
- B2 fjallar um að byggð verði brú milli framhaldsskóla/háskóla og atvinnulífs.
- B3 fjallar um betri atvinnumöguleika fatlaðs fólks.
- B4 fjallar um aðgang fatlaðs fólks að hjálpartækjum og tæknibúnaði til að stunda vinnu. (þingsályktun nr.1000/2016-2021)

Það stendur til að gera rannsókn sem metur hvernig hinn almenni vinnumarkaður mætir þörfum margbreytileika fatlaðs fólks og hvað það er sem hindrar atvinnuþátttöku (þingsályktun nr.1000/2016-2021). Eitt sem hefur áhrif á ráðningu fatlaðs fólks er viðhorf vinnuveitandans. Það hefur sýnt sig að vinnuveitendur hafa áhyggjur af því að fötluð manneskja skili ekki góðum árangri í vinnu (Hernandez og McDonald, 2010), sem sýnir að mikilvægt er að rannsaka hverjar hindranirnar eru. Til að mæla hvort markmiði hafi verið náð er skoðað hversu margt fatlað fólk er skráð hjá Vinnumálastofnun og fær vinnu á vinnumarkaði.

Þá var einnig fyrirhugað í lið B2 að bæta ráðgjöf til nemenda að loknu skólastigi og fjölga atvinnutækifærum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út skýrslu 2020 þar sem verkefnahópur var stofnaður til að koma með tillögur að úrbótum í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur að loknu starfsbrautarnámi í framhaldsskóla. Hópurinn kom fram með fimm megin tillögur (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020).

1. Ráðinn verði samhæfingaraðili upplýsinga um námsframboð og atvinnutækifæri
2. Auka aðgengi að atvinnutækifærum
3. Samtök atvinnulífsins hvetji fyrirtæki til að ráða til sín fólk með skerta starfsgetu
4. Auka tækifæri í menntun hjá símenntunarmiðstöðvum og háskólum
5. Auka tækifæri í íþróttum og tómstundum með sérstökum styrkjum til íþróttafélaga (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020)

Eins og hefur komið fram áður er mikilvægt fyrir ungmenni að fá vinnu, annars gæti það haft þau áhrif að þau fá ekki vinnu seinna meir í lífinu (Achterberg o.fl., 2009). Mælanlegt markmið í þessum lið er að það verði til 20 ný störf á hverju ári á árunum 2017-2021.

Liður B3 snerist um að bæta og gera leiðina að atvinnumöguleikum greiðari með því að auka einstaklingsmiðuð úrræði með Atvinnu með stuðningi (AMS) (þingsályktun nr.1000/2016-2021). Að fá einstaklingsmiðaða þjónustu hefur mjög jákvæð áhrif á líf

einstaklingsins svo sem félagslegu tengsl, ákvörðunartöku, samfélagsþátttöku o.fl. (Robertson o.fl., 2007). Hægt eigi að vera að mæla þetta með því að skoða hversu margir taka þátt í verkefninu atvinna með stuðningi (þingsályktun nr.1000/2016-2021).

Í lið B4 kemur fram að starfshópur eigi að undirbúa reglugerð með tillögu um að samræma viðmið um úthlutun á hjálpartækjum og tæknibúnaði sem hægt er að nota á vinnumarkaði. Mælanlega markmiðið fyrir þennan lið er að viðmið fyrir úthlutunina liggi fyrir (þingsályktun nr.1000/2016-2021).

Nú er árið 2021 sem þýðir að þessi áætlun ætti að vera komin langt á veg og sendur var tölvupóstur (viðauki A) á Vinnumálastofnun sem hefur umsjón með liði B1-B4 og annar tölvupóstur (viðauki B) á Velferðarráðuneytið sem hefur umsjón um lið B2. Spurt var um hver staðan væri á þessum liðum. Einnig var spurt hvort niðurstöður frá framkvæmdaáætluninni verði aðgengilegar og hvar væri þá hægt að nálgast þær?

Svar barst frá Vinnumálastofnun við tölvupósti (Viðauki A). Samskipti fóru bæði fram í gegnum tölvupóst og í gegnum síma. Upplýsingar sem fengust eru að Vinnumálastofnun er alltaf að vinna því að auka atvinnu fyrir fatlað fólk. Sett var að stað tilraunaverkefni og gerður samningur á milli félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar sem er til tveggja ára og lýkur í desember 2022. Verkefnið felst í ráðningu með stuðningi, tímabundið úrræði um aukin tækifæri ungs fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir. Meginmarkmið með samningnum er að fjölga tækifærum ungs fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir til þátttöku á vinnumarkaði og auka aðgengi að fjölbreytilegum atvinnutækifærum. Vinnumálastofnun réði til sín sérfræðing með þekkingu á málefnum fatlaðs fólks í þeim tilgangi að veita markhópnum sem hér um ræðir sérhæfða þjónustu og ráðgjöf varðandi atvinnuúrræði að starfsbraut lokinni. Þessi samningur var gerður í kjölfar tillagna verkefnahóps um úrbætur í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem hafa lokið starfsbrautum framhaldsskóla. Niðurstöður úr verkefninu munu verða birtar. Einnig var gerður samningur við samtök atvinnulífsins um að auka meðal annars fræðsla til atvinnurekanda.

Svar við tölvupóstinum (viðauki B) fékkst. Í svarinu stóð að í skýrslu starfshóps á vegum heilbrigðisráðuneytisins frá árinu 2019 var lagt til að reglugerð um hjálpartæki yrði endurskoðuð. Það er starfandi hópur sem sér um eftirfylgni með endurskoðuninni sem á að vera á þessu ári. Horft verði til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og sérstök áhersla verði á þarfir fatlaðra barna. Gert er ráð fyrir að leitað verði eftir tillögum og kostnaðarmati frá sjúkratryggingum Íslands. Ekki verður unnið frekar í aðgerðum B4 fyrr en þessari vinnu er lokið. Einnig gera þau ráð fyrir að niðurstöður framkvæmdaáætlunarinnar verði birt á vef félagsmálaráðuneytisins.

Hér að ofan hefur verið farið yfir þætti sem varða þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði, hugtök sem þarf að hafa í huga þegar hugsað er um samfélag fyrir alla og mikilvægi þess að hafa vinnu. Framboð vinnu og atvinnuleit haldast þó í hendur og eru forsenda þess að þessir tveir þættir gangi upp, ef það er ekki mikið framboð af vinnu eru fáar atvinnuauglýsingar. Áhersla þessara verkefnis er að finna leið til að aðstoða fatlað fólk í atvinnuleit

4 Úttekt

Eins og hefur komið fram eru það mannréttindi að fá að stunda vinnu (Lindsay o.fl., 2018) og því mikilvægt að geta nálgast upplýsingar og aðstoð um atvinnuleit á aðgengilegan máta. Í þessum kafla verður fjallað um hvernig aðgengi er á völdum heimasíðum út frá mati gátlista sem var búinn til fyrir þetta verkefni. Heimasíðurnar eru síða Vinnumálastofnunar (Vinnumálastofnun, e.d), þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar (þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar, e.d) og Island.is (Ísland.is, e.d). Þær voru valdar vegna þess að þær eru með málefni sem varðar fatlað fólk á síðum sínum og veita upplýsingar um atvinnuleit svo sem hvar er hægt að sækja um vinnu og hvaða aðstoð er boðið upp á. Einnig að benda á hverjir geta aðstoðað og fleira sem má sjá á úttekt á gátlista í viðauka D. Úttekt var einnig gerð á Alfreð (Alfreð, ed), Vísi (Vísir, e.d) og Reykjavíkurborg (Reykjavíkurborg, e.d). Þessar síður eru ekki með sérstakan flokk fyrir málefni fatlaðs fólks og notaðar til samanburðar. Hægt er að skoða atriði á gátlistanum fyrir þessar heimasíður í viðauka E.

4.1 Gátlisti

Ekki fundust tilbúnir gátlistar til úttektar á heimasíðum og var því ráðist í rannsóknarvinnu og útbúinn listi til að samanburðar. Við gerð gátlistans voru skoðaðar ýmsar greinar og síður þar sem kom fram hvað þyrfti að vera til staðar svo vefsíða teljist aðgengileg. Atriðin sem oftast komu fram við þessa skoðun eða virðast mikilvæg voru notuð til að búa til gátlistann.

Þau ellefu atriði sem er á gátlistanum eru:

- Er auðvelt að rata um heimasíðuna?
- Eru myndir til að styðjast við?
- Er alt text á myndunum?
- Er hægt að hlusta á textana?
- Er textinn auðlesinn?
- Eru andstæður í lit?
- Er hægt að nota dálkastillitakkann?
- Er hægt að hoppa beint í efnið með lyklaborðinu?
- Er hægt að nota lyklaborðið til skoða heimasíðu?
- Er hægt að nota tækni eins og screen reader?
- Sést allt á heimasíðunni ef glugginn er minnkaður?

Sumt á gátlistanum þarf ekki að útskýra, eins og til dæmis hversu auðvelt er að rata um hana og hve auðlesinn textinn er. Að hafa myndir með texta er gott fyrir þá sem eiga erfitt með að skilja lesinn texta því myndir styðja við skilning. Að geta hlustað á textann er mikilvægt fyrir fólk sem til dæmis er lesblint, blint eða með sjónskerðingu. Mörgum finnst auðveldara að skilja textann og ná samhengi hans þegar hægt er að hlusta á hann líka. Það getur verið gott að hafa andstæður í litum á heimasíðunni til að hún verði skýr og auðvelt að skynja og lesa það sem á henni er. Dálkastilli eða tab takkinn (⌘) eins og flestir þekkja hann, er hægt að nota til þess að komast um síðuna á auðveldan hátt. Hægt er að hafa þann valmöguleika að hoppa beint í aðalefnið á síðunni og sleppa því að skoða annað efni eins og til dæmis fyrirsagnir. Þeir sem eru með sjónskerðingu eða eru blindir nota ekki venjulega mús til þess að vafra um heimasíður, heldur nota þeir lyklaborð (e. Keyboard navigation), þess vegna er mikilvægt að heimasíðan sé þannig uppsett að hægt sé að nota lyklaborðið. Þegar gluggi er minnkaður þarf að passa að engar upplýsingar tapist, það getur heft aðgengið að heimasíðunni.

Tveir hlutir í gátlistanum eru með ensku heiti alt text og Screen reader. Alt text er þegar búið er að setja lýsingu með orðum á bak við myndir svo að tölva geti sagt hvað er á myndinni. Screen reader er tæknitæki sem sjónskertir eða blindir nota til þess að lesa það sem er á skjánum. Tækið les upp hvað er á skjánum og segir hvort um texta, mynd, slóð eða takka er að ræða.

4.2 Úttekt á heimasíðum

Vinumálastofnun. Eins og sjá má á gátlistanum er flest af honum til staðar á heimasíðu Vinnumálastofnunar (Vinumálastofnun, e.d). Það er hægt að hlusta á textann sem er mikilvægt og hann er auðlesinn, en það mætti hins vegar bæta forsíðuna og hversu auðvelt er að rata um hana. Á forsíðunni er mikið efni og getur það verið yfirþyrmandi fyrir suma notendur og ekki er hægt að hoppa beint í efnið með tab takkanum heldur þarf að fara í gegnum margt á síðunni áður en hægt er að komast að aðal efniinu. Þetta eru dæmi um hluti sem hægt væri að laga til að bæta aðgengi að síðunni. Það sem Vinnumálastofnun býður upp á að hægt er að sækja um atvinnu með stuðningi, verndaða vinnustaði, hæfingu og dagþjónustu. Einnig ráðgjöf og stuðning við atvinnuleit.

Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar. Á heimasíðu þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar (þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar, e.d) er sumt aðgengilegt en annað óaðgengilegt. Það sem er gott við síðuna er að það er auðvelt að rata um hana og hoppa beint í efnið. Það vantar þó nokkra hluti á síðuna, til dæmis eru engar myndir sem styðja við textann, hann er ekki auðlesinn og ekki er í boði að hlusta á upplestur. Þessi atriði þyrfti að bæta til að gera síðuna aðgengilegri. Einnig er heimasíðan með mikið magn upplýsinga á forsíðunni sem getur verið

yfirpyrmandi þegar fyrst er farið inn á hana. Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar bendir á Vinnumálastofnum og úrræði sem hún veitir. Útskýrt er hvað felst í AMS og vinnusamningi og einnig hægt að finna upplýsingar um hæfingarstöðvar, dagþjónustu, verndaða vinnustaði og hlekkir þar sem hægt er að finna atvinnuauglýsingar.

Island.is. Heimasíða Island.is (Ísland.is, e.d) hefur marga kosti með tilliti til þess sem talið er upp á gátlistanum. Textinn er auðlesinn en þó ekki hægt að hlusta á upplestur. Það er hægt að hoppa beint í aðalefni síðunnar sem er gott. Einnig eru stundum myndir sem gefa til kynna um hvað efnið er en þó ekki hvað varðar málefni fatlaðs fólks. Hér er hægt að bæta við nokkrum hlutum. Bent er á aðrar síður um málefni fatlaðs fólks og atvinnu svo sem Vinnumálastofnun, félagsmálaráðuneytið og allskyns lög. Hægt er að finna umsóknareyðublað um verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu og stuðning vegna skertrar starfsgetu en þar er farið gegnum Vinnumálastofnun.

Alfreð. Heimasíðan hjá Alfreð hefur fátt af því sem er talið er upp á gátlistanum. Það er ekki auðvelt að rata um síðuna. Þegar ýtt er á atvinnuauglýsingu og svo farið til baka er ekki alltaf farið á sama stað og viðkomandi var á. Mikið er af auglýsingum svo auðvelt er að yfirsjást einhverjar auglýsingar. Það eru engar myndir til að styðjast við, hlustunarhnappur ekki til staðar og textinn ekki auðlesinn. Það er sterkur litur efst á forsíðunni en textinn ljós sem er erfitt fyrir suma að sjá. Hægt er fara um síðuna með tab takka en það sést ekki hvar hann er á skjánum svo ekki er hægt að nota hann með skilvirkum hætti. Á Alfreð er hægt að finna atvinnuauglýsingar en hér þyrfti að bæta aðgengi mikið.

Vísir. Heimasíða Vísir (Vísir, e.d) er með nokkra hluti af gátlistanum. Það er auðvelt að rata um síðuna og ekkert týnist á síðunni vegna litavals, allar upplýsingar sjást þó glugginn sé minnkaður. Hægt að nota tab takkann til að komast um en ekki hægt að hoppa í aðal efnið. Þær atvinnuauglýsingar sem hægt er að finna á síðunni er tengdar Alfreð. Þegar ýtt er á auglýsingu þá flyst maður yfir á Alfreð sem er ekki aðgengileg síða eins og er lýst hér fyrir ofan.

Reykjavíkurborg. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, e.d) er ekki nógu auðvelt að rata um þegar kemur að atvinnuauglýsingunum. Þegar er komið á síðuna um atvinnuauglýsingar er efsta auglýsingin biluð og ef ýtt er á „Til baka á heimasíðu“ er ekki farið á sömu síðu og viðkomandi var á og á þeirri er alltaf byrjað efst þegar farið er til baka svo það þarf að leita hvert viðkomandi var kominn. Textinn er stuttur og auðlesinn en ekki hægt að hlusta á hann og engar myndir til að styðjast við. Hægt er að nota tab takka en ekki til að komast strax að aðalefninu.

Á öllum síðunum var hægt að nota tækni eins og screen reader og var alt text á myndunum. Einnig var hægt að nota lyklaborðið til þess að komast um síðurnar. Flest allar síður eru með

Þessa tækni til staðar en það fer eftir grafíkinni sem er notuð. Annað sem hefur áhrif á þessa hluti eru hversu góð tæknin og forritin sjálf sem notandinn er með.

Þegar heimasíðurnar eru bornar saman sést að þær síður sem bjóða upp á flokk fyrir málefni fatlaðs fólks er yfirleitt með betra aðgengi en þær sem eru ekki uppá bjóða slíkan flokk. Þar sem heimasíður hafa ekki nógu gott aðgengi er verið að útiloka að fatlað fólk geti nýtt sér þessar upplýsingar. Markmið með heimasíðunni: Aðgengilegri atvinnuleit, er að allir geti skoðað hana og nýtt sér til atvinnuleitar. Lagt var upp með að hafa hana aðgengilega, einfalda og þægilega í notkun.

5 Heimasíðan Aðgengilegri atvinnuleit

Í þessum kafla verður farið yfir hvernig unnið var að gerð heimasíðunnar Aðgengilegri atvinnuleit, tilgang og markmið síðunnar og framtíðarsýn hennar.

5.1 Hvernig var unnið að heimasíðunni

Eins og hefur komið fram í greinargerðinni eru ekki sömu tækifæri fyrir fatlað fólk til atvinnuþátttöku og fyrir ófatlaða. Þrátt fyrir að hér hafi almennt verið fjallað um skort á atvinnutækifærum er einnig mikilvægt að huga að tækifærum einstaklinga til þess að nálgast upplýsingar um atvinnu sem er í boði og hvaða aðstoð má fá við finna vinnu við hæfi.

Rannsóknarspurningin er: Hvers vegna er mikilvægt að stuðla að atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og hvernig er hægt að gera atvinnuleitina aðgengilegri? Slæmt aðgengi að upplýsingum er eitthvað sem getur hindrað þátttöku og því tilvalið að bæta það með því að gera heimasíðu sem styður fatlað fólk við atvinnuleit. Þegar leitað er að upplýsingum um atvinnuleit er gott að vita hvar er hægt að leita sér aðstoðar til dæmis hjá ýmsum félögum, hvar er hægt að sækja um og hvað rétt fólk á.

Þegar farið er af stað með gerð nýrrar síðu er gott að hafa fyrirmynd til að styðjast við, sem hefur verið þróuð með það að markmiði að auðvelda einstaklingum að finna starf við hæfi. Fundin var erlend heimasíða, Abilityjobs.com sem er ætluð til að aðstoða fatlað fólk í atvinnuleit og ástæðan fyrir því að hún var valin sem fyrirmynd er sú að þar getur fatlað fólk auðveldlega skoðað atvinnuauðgýsingar þar sem er verið að leitast eftir því að fá fatlað fólk í vinnu. Síðan var stofnuð 1995 og eru um 100.000 skráðir notendur. Á þeirri síðu leitast fyrirtæki eftir því að fá fatlað fólk í vinnu til sín. Margar starfsauðgýsingar eru settar inn á degi hverjum allt frá vinnu á lyftara yfir í tæknifólk ásamt ýmsum öðrum störfum. Fólk getur sett inn ferilskrána sína svo að fyrirtæki sjái hana (Abilityjobs.com, e.d).

Áður en vinnan við heimsíðugerðina hófst var fundinn titill (url) fyrir síðuna sem væri lýsandi svo auðvelt væri að átta sig á um hvað heimasíðan fjallar. Næst var hugað að því hvað þyrfti að vera á síðunni sem gæti nýst í atvinnuleit og sendur var staðlaður tölvupóstur (viðauki C) á tuttugu og sex félög sem gætu aðstoðað við atvinnuleit. Hafa þarf í huga að sumir eru með félagsráðgjafa, almenna ráðgjöf meðan aðrir eru með einstaklingsráðgjöf um starfsval eða atvinnufulltrúa.

Að þessu loknu hófst vinnan við heimasíðuna og settar inn þær upplýsingar sem þurfa að koma fram á henni. Hugað var að því að fatlað fólk getur verið jafn ólíkt og það er margt og unnið út frá hugmyndinni um algilda hönnun. Reynt var að hafa hana sem þægilegasta og auðvelda að rata um svo sem flestir gætu nýtt sér hana. Hver textadálkur var hafður með ramma til að afmarka upplýsingarnar og til að auðgreina hlekki inn á síður eru þeir hafðir í bláum lit. Textinn er auðlesinn stuttur og hnitmiðaður, og myndir til að styðjast við.

Þema síðunnar er aðgengilegt og hægt er að nota tækniforrit eins og screen reader og lykklaborðið til að vafra um síðuna.

Notast var við forrit á síðunni sem bætir aðgengi og heppilegt væri að aðrar síður myndu einnig nota slíkt forrit. Blátt merki með mynd af hjólastól er til að stækka og minnka letur, fela liti, breyta skerpustigi í dökka eða bjarta, lýsa bakgrunninn, undirstrika hlekki og breyta letrinu. Þetta forrit heitir *aðgengi með einum smelli* (e.one click accessibility) og er ókeypis.

Það er einnig til svipað forrit sem hefði verið gott að nota en það þarf að borga fyrir það og þess vegna var það ekki notað. Í því forriti er lítið logo í horninu þar sem hægt er að breyta texta og bakgrunni auk þess sem það fleiri möguleika eins og að gera síðuna örugga fyrir flogaveika og hægt að hafa breiðara bil á milli stafanna.

5.2 Tilgangur og markmið heimasíðunnar

Markmiðið með heimasíðunni er að bæta aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum um atvinnuleit. Forsíðan er höfð mjög einföld með einni mynd ásamt titli heimasíðunnar og upplýsingum um hvað er hægt að finna á henni. Það eru sjö flipar til að færa yfir á aðrar síður. Í þessum flipum er er hægt að finna lög, reglugerðir og samning Sameinuðu þjóðanna, félög og staði til að sækja um vinnu á. Þessar upplýsingar eru hafðar með til að fólk geti skoðað hvaða lagalega rétt það á til atvinnuþátttöku. Einnig hvar er hægt að nálgast upplýsingar, hvert er hægt að leita til að fá aðstoð og hvar er hægt að sækjum um vinnu. Allar þessar upplýsingar eru hafðar aðgengilegar því eins og áður hefur komið fram er nauðsynlegt að geta nálgast upplýsingar án þess að lenda á vegg. Þetta eru upplýsingar sem þurfa að komast til skila því atvinnuþátttaka er mikilvægur partur af lífi fólks og tengist samfélagsþátttöku.

Ef þessi síða verður til þess að auðvelda fötluðum einstaklingum að fá vinnu, þó ekki væri nema nokkrum einstaklingum, hefur hún þjónað tilgangi sínum. Markmiðið er þó að síðan muni hjálpa sem flestum í framtíðinni.

Framtíðarsýn mín er að heimasíðan Aðgengilegri atvinnuleit nýtist til upplýsingaöflunar og að komast í samstarfi við fleiri, til dæmis fólk með fötlun, Vinnuálastofnun eða Proskahjálp sem eru réttinda- og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Þá væri hægt að þróa hana áfram og gera hana stærri og aðgengilegri fyrir notendur. Frábært væri ef tækist að koma henni á svipaðan stað og Abilityjobs.com sem er komin mun lengra en þar geta fyrirtæki sett inn atvinnuauglýsingar og óskað eftir fötluðu fólki í vinnu.

6 Niðurstöður

Hér hefur verið fjallað um sögu atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og farið yfir réttinn til atvinnuþátttöku í samfélagi án aðgreiningar. Í upphafi verkefnisins var sett fram rannsóknarspurning í tveim liðum: Hvers vegna er mikilvægt að stuðla að atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og hvernig er hægt að gera atvinnuleitina aðgengilegri?

Almennt gerir fólk sér ekki grein fyrir hve mikið vantar upp á að fatlað fólk sé virkir þátttakendur í samfélaginu. Mikið hefur verið rætt um samfélag án aðgreiningar. Þetta hefur gengið hægt og meira verið rætt um sérúrræði fyrir fatlað fólk. Í lögum er talað um rétt fatlaðs fólks til vinnu á almennum vinnumarkaði en einnig mikið lagt í verndaða vinnustaði (reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996; lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018) sem sýnir að löggin eru úrelt og kominn tími á að uppfæra þau með hugmyndafræðina um algilda hönnun og samfélag fyrir alla að leiðarljósi. Stór partur af samfélagsþátttöku er atvinnuþátttaka en ekki nema 33% fatlaðs fólks er við vinnu. Flest fólk fatlað sem ófatlað vill stunda vinnu. Vitað er að það hefur góð áhrif á heilsuna að hafa atvinnu en aftur á móti hefur atvinnuleysi slæm áhrif á hana (Lindsay o.fl., 2018). Það er fötluðu fólki mikilvægt að vera þátttakendur í samfélaginu.

Seinni spurningin er hvernig er hægt að stuðla að því að gera atvinnuleit aðgengilegri? Svarið við því var annars að búa til heimasíðu þar sem hugmyndafræðin algild hönnun var höfð í huga. Einnig þarf að vera meiri vitundarvakning um betra aðgengi ekki bara að upplýsingum um atvinnuleit heldur að öllum upplýsingum, umhverfi og þjónustu. Með því að bæta aðgengi fatlaðs fólks að samfélaginu má draga úr aðgreiningu.

Heimildaskrá

- Abilityjobs.com. (e.d). <https://abilityjobs.com/>
- Alferð. (e.d). <https://www.alfred.is/starfsgrein/laus-storf>
- Achterberg, T. J., Wind, H., de Boer, A. G. E. & Frings-Dresen, M. H. W. (2009). Factors that promote or hinder young disabled people in work participation: A systematic review. *Journal of occupational rehabilitation*, 19, 129-141. <https://doi.org/10.1007/s10926-009-9169-0>
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO). (2020, 1. desember). *Disability and health*. Who.int. <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/disability-and-health#:~:text=Over%201%20billion%20people%20are,functioning%2C%20often%20requiring%20healthcare%20services>
- Álfheiður Hafsteinsdóttir. (2020). „*Þetta er bara það sem er í boði*“ Um aðgreinda vinnustaði fyrir fatlað fólk. MA-ritgerð í opinberri stjórnslu, Háskóli Íslands, Fötlunarfræði.
- Bjarnason, T. & Sigurdardóttir, T. J. (2003). Psychological distress during unemployment and beyond: social support and material deprivation among youth in six northern European countries. *Social science & medicine*, 56(5), 973-985. [https://doi.org/10.1016/S0277-9536\(02\)00109-0](https://doi.org/10.1016/S0277-9536(02)00109-0)
- Christensen, K. M. & Byrne, B. C. (2014). The built environment and community integration: A review of states' Olmstead plans. *Journal of disability policy studies*, 25(3), 186-195. <https://doi.org/10.1177/1044207313493009>
- Dolmage, J. (2017). *Academic ableism: Disability and higher education*. <https://www.fulcrum.org/concern/monographs/1c18dg49d>
- Ericsson, S., Wojahn, D., Sandström, I. & Hedvall, P. (2020). Language that supports sustainable development: How to write about people in universal design policy. *Sustainability*, 12(22). <https://doi.org/10.3390/su12229561>
- Groce, N. E. (2016, November 24). *Deafness on Martha's Vineyard*. *Encyclopedia Britannica*. <https://www.britannica.com/science/deafness-on-Marthas-Vineyard>
- Hall, E. & Wilton, R. (2011). Alternative spaces of 'work' and inclusion for disabled people. *Disability & society*, 26(7), 867-880. <https://doi.org/10.1080/09687599.2011.618742>
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir. (2006). Valdefling. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðisviði* (bls. 70-71). Háskólaútgáfa.

- Hays, L. & Handler, K. (2020). Good design is universal: using universal design principles to promote self-regulated learning in learning management systems when teaching information literacy. *Journal of library & information services in distance learning*, 14(2), 127-140. <https://doi.org/10.1080/1533290X.2020.1828219>
- Hemphill, E. & Kulik, C. (2016). Which Employers Offer Hope for Mainstream Job Opportunities for Disabled People? *Social Policy and Society*, 15(4), 537-554. <https://doi.org/10.1017/S1474746415000457>
- Hernandez, B. & McDonald, K. (2010). Exploring the Costs and Benefits of Workers with Disabilities. *Journal of rehabilitation*, 76(3), 15-23. https://www.researchgate.net/publication/236964511_Exploring_the_Costs_and_Benefits_of_Workers_with_Disabilities
- Ísland.is (e.d). <https://www.island.is/>
- Kjartan Atli Kjartansson. (2019, 19. júní). *Slæmt aðgengi fyrir fatlaða kemur í veg fyrir að Freyja fagni með femínistum*. Visir.is. <https://www.visir.is/g/2014299377d>
- Lindsay, S., Cagliostro, E., Albarico, M., Mortaji, N., & Karon, L. (2018). A Systematic Review of the Benefits of Hiring People with Disabilities. *Journal of occupational rehabilitation*, 28, 634-665. <https://doi.org/10.1007/s10926-018-9756-z>
- Lög um fávítahæli nr. 18/1936.
- Lög um fávítastofnanir nr. 53/1967.
- Lög um vinnumarksaðgerðir nr.55/2006
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018
- Margrét Margeirsdóttir. (2001). *Fötlun og samfélag*. Háskólaútgáfa.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2020). *Tækifæri ungs fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir að loknu námi á starfsbraut*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Sk%3%bdrsla_t%3%a6kif%3%a6ri%20ungs%20f%3%b3lks%20a%3%b0%20loknu%20n%3%a1mi%20%3%a1%20starfsbraut_271120.pdf
- NPA miðstöðinn. (e.d). *Hvað er NPA?* Npa.is. <https://www.npa.is/index.php/hvad-er-npa>
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýju fræðaheimi. Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðisviði* (bls. 24-29). Háskólaútgáfa.
- Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996

Reykjavíkuborg. (e.d). <https://reykjavik.is/>

Robertson, J., Emerson, E., Hatton, C., Elliott, J., McIntosh, B., Swift, P., Krinjen-Kemp, E., Towers, C., Romeo, R., Knapp, M., Sanderson, H., Routledge, M., Oakes, P. & Joyce, T. (2007). Person-centered planning: factors associated with successful outcomes for people with intellectual disabilities. *Journal of Intellectual Disability Research*, 51(3), 232-243. <https://doi.org/10.1111/j.1365-2788.2006.00864.x>

Saito, Y. (2006). Awareness of universal design among facility managers in Japan and the United States. *Automation in Construction*, 15(4), 462-478. <https://doi.org/10.1016/j.autcon.2005.06.013>

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2. grein/2007

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 3. grein/2007

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 4. grein/2007

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 26. grein/2007

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 27. grein/2007

Torre, L. V. D. & Fenger, M. (2014). Policy Innovations for including disabled people in the labour market: A study of innovative practices of Dutch sheltered work companies. *International Social Security Review*, 67(2), 67-84. <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.1111/issr.12038>

Townley, G., Miller, H. & Kloos, B. (2013). A little goes a long way: The impact of distal social support on community integration and recovery of individuals with psychiatric disabilities. *American journal of community psychology*, 52(1-2), 84-96. <https://doi.org/10.1007/s10464-013-9578-2>

Unnur B. Karlsdóttir. (1998). *Mannkynbætur: Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld*. Háskólaútgáfa.

Þekkingar miðstöð Sjálfsbjargar. (e.d). <https://www.thekkingarmidstod.is/>

Þingskjal nr.1000/2016-2021. Þingsályktun um stefnu og framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólk fyrir árin 2017-2021

Þingskjal nr.1781/2003-2004. Svar.

Þorvaldur Kristinsson. (2015). *Þroskaþjálfar á Íslandi: Saga stéttar í hálfu öld*. Þroskaþjálfafélag Íslands.

Verdonschot, M. M. L., De Witte, L. P., Reichrath, E., Buntinx, W. H. E. & Curfs, L. M. G. (2008). Community participation of people with an intellectual disability: a review of

empirical findings. *Journal of Intellectual Disability Research*, 53(4), 303-318.
<https://doi.org/10.1111/j.1365-2788.2008.01144.x>

Vinnumálastofnun. (e.d). *Ráðgjöf vegna skertrar starfsgetu*. Vinnumalastofnun.is.
<https://vinnumalastofnun.is/radgjof-og-thjonusta/radgjof-vegna-skertrar-starfsgetu/atvinna-med-studningi>

Vinnumálastofnun. (e.d). <https://www.vinnumalastofnun.is/>

Vísir. (e.d). <https://www.visir.is>

Viðauki A: Tölvupóstur til Vinnumálastofnunar

Góðan dag.

Ég heiti Sunna Rut og er í námi við Háskóla Íslands í þroskaþjálfafraeði. Ég er að vinna að lokaverkefni sem er heimasíða til þess að auðvelda fötluðu fólki og öllum sem þurfa atvinnuleit. Verkefnið heitir Aðgengilegri atvinnuleit. Heimasíðunni er ætlað að upplýsa fólk um ýmsa þætti sem snúa að atvinnuleit, m.a. hvar hægt er að nálgast aðstoð/ráðgjöf við atvinnuleit.

Ég er að skoða framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021 og er að velta fyrir mér stöðunni á henni. Er möguleiki að fá upplýsingar um hver staðan er í liðum B 1-3. Frábært væri ef ég gæti fengið upplýsingarnar um hvernig lið fyrir sig. Ég er einnig að velta fyrir mér hvort að niðurstöður frá framkvæmdaráætlunni verða aðgengilegar og hvar væri þá hægt að nálgast þær?

Með fyrir fram þökk

Sunna Rut Guðnadóttir.

Viðauki B: Tölvupóstur til Velferðarráðuneytið

Góðan dag.

Ég heiti Sunna Rut og er í námi við Háskóla Íslands í þroskaþjálfafraeði. Ég er að vinna að lokaverkefni sem er heimasíða til þess að auðvelda fötluðu fólki og öllum sem þurfa atvinnuleit. Verkefnið heitir Aðgengilegri atvinnuleit. Heimasíðunni er ætlað að upplýsa fólk um ýmsa þætti sem snúa að atvinnuleit, m.a. hvar hægt er að nálgast aðstoð/ráðgjöf við atvinnuleit.

Ég er að skoða framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021 og er að velta fyrir mér stöðunni á henni. Er möguleiki að fá upplýsingar um hver staðan er í liðnum B 4. Ég er einnig að velta fyrir mér hvort að niðurstöður frá framkvæmdaráætlunni verða aðgengilegar og hvar væri þá hægt að nálgast þær?

Með fyrir fram þökk

Sunna Rut Guðnadóttir.

Viðauki C: Tölvupóstur til félagssamtaka

Góðan dag.

Ég heiti Sunna Rut og er í námi við Háskóla Íslands í þroskaþjálfafraeði. Ég er að vinna að lokaverkefni sem er heimasíða til þess að auðvelda fötluðu fólki og öllum sem þurfa atvinnuleit. Verkefnið heitir Aðgengilegri atvinnuleit. Heimasíðunni er ætlað að upplýsa fólk um ýmsa þætti sem snúa að atvinnuleit, m.a. hvar hægt er að nálgast aðstoð/ráðgjöf við atvinnuleit. Mig langaði því til að kanna hvort það er eitthvað sem ykkar félag býður upp á sem getur aðstoðað meðlimi félagsins við atvinnuleit? Ef svo er gæti ég fengið leyfi til að nota þær upplýsingar á heimasíðunni minni?

Með fyrir fram þökk

Sunna Rut Guðnadóttir.

Viðauki D: Gátlisti

	Vinnumálastofnun	Þekkingar miðstöð Sjálfsbjargar	Island.is	Aðgengilegri atvinnuleit
Auðvelt að rata	Ekki forsíðan	Já	Ekki forsíðan	Já
Myndir til að styðjast við	Já	Nei	Lítið	Já
Alt text	Já	Nei	Nei	Já
Hlusta á textann	Já	Nei	Nei	Nei
Textinn auðlesin	Já	Nei	Já	Já
Andstæður í lit	Já	Já	Já	Já
Nota Tab takkan	Já	Já	Já	Já
Hoppa beint í aðal efnið	Nei	Nei	Já	Já
Nota lyklaborð	Já	Já	Já	Já
Screen reader	Já	Já	Já	Já
Allt ef gluggi er minnkaður	Já	Já	Já	Já

Viðauki E: Gátlisti

	Alferð	Vísir	Reykjavík
Auðvelt að rata	Nei	Já	Ekki þar sem atvinnuauglýsingarnar eru
Myndir til að styðjast við	Nei	Nei	Nei
Alt text	Já	Já	Já
Hlusta á textann	Nei	Nei	Nei
Textinn auðlesin	Nei	Nei	Já
Andstæður í lit	Nei	Já	Já
Nota Tab takkan	Nei	Já	Já
Hoppa beint í aðal efnið	Nei	Nei	Nei
Nota lyklaborð	Já	Já	Já
Screen reader	Já	Já	Já
Allt ef gluggi er minnkaður	Já	Já	Já